# Sunnudagur 2. apríl



SJÓNVARPIÐ

## Sunnudagur 2. apríl

14.30 **Alþjóðlegt fimleikamót.** Bein útsending úr Laugardalshöll.
17.00 **Ballettflokkur verður til.** (The Creation of OMO) Bandarísk heimildamynd um tilurð OMO dansflokksins sem í eru fjórir dansarar og sýnt veður úr þremur uppfærslum flokksins.
17.50 **Sunnudagshugvekja.** Sr. Hjalti Guðmundsson Dómkirkjuprestur flytur.
18.00 **Stundin okkar.** Umsjón Helga Steffensen.
18.25 **Tusku-Tóta og Tumi.** (Raggedy Ann and Andy). Bandarískur teiknimyndaflokkur. Leikraddir Árný Jóhannesdóttir og Halldór N. Lárusson. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Roseanne.** (Roseanne) Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
20.35 **Matador (21)** (Matador) Danskur framhaldsmyndaflokkur í 24 þáttum. Þýðandi Veturliði Guðnason.
21.35 **Mannlegur þáttur.** „How do you like Iceland?" Erum við Íslendingar fullir af minnimáttarkennd, mikilmennskuæði og þjóðernisgorgeir? Er orðið „landkynning" ekki til í neinu öðru tungumáli? Þessum spurningum og öðrum verður reynt að svara í þætti kvöldsins. Meðal þeirra sem koma fram eru Thor Vilhjálmsson, Einar Örn Benediktsson. Sigríður Halldórsdóttir og Steinunn Sigurðardóttir. Umsjón Egill Helgason.
22.05 **Elizabeth Taylor.** (Elizabeth Taylor – An Intimate Portrait) Bandarísk heimildamynd um líf og störf leikkonunnar Elizabeth Taylor. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
23.10 **Úr ljóðabókinni.** Söngur Nönnu eftir **Bertolt Brecht** og **Kurt Weil. Bryndís Petra Bragadóttir** syngur, en formála flytur **Þorsteinn Gylfason.** Dagskrárgerð Jón Egill Bergþórsson.
23.15 **Útvarpsfréttir í dagskárlok.**

## Sunnudagur 2. apríl

STÖÐ 2

8.00 **Rómarfjör.** Teiknimynd.
8.20 **Högni hrekkvísi.** Teiknimynd.
8.45 **Alli og íkornarnir.** Teiknimynd.
9.10 **Smygl.** Breskur framhaldsmyndaflokkur í þrettán þáttum fyrir börn og unglinga. 1. hluti.
9.40 **Denni dæmalausi.** Bráðfjörug teiknimynd.
10.05 **Dvergurinn Davíð.** Falleg teiknimynd með íslensku tali um dverginn Davíð og ævintýri hans. Leikraddir: Guðmundur Ólafsson, Pálmi Gestsson og Saga Jónsdóttir.
10.30 **Lafði Lokkaprúð.** Teiknimynd.
10.45 **Herra T.** Teiknimynd.
11.10 **Rebbi, það er ég.** Teiknimynd með íslensku tali.
11.40 **Fjölskyldusögur.** Leikin barna- og unglingamynd.
12.30 **Dægradvöl.** Þáttaröð um frægt fólk með spennandi áhugamál.
13.05 **Tæknikapphlaup.** Technology Wars. Í þættinum er velt vöngum yfir því hvort Bretland og öll Vestur-Evrópa séu leiksoppur Bandaríkjamanna í tölvu- og hátækniviðskiptum.
13.50 **Örlagadagur.** Pearl. Framhaldsmynd í þrem hlutum. 2. hluti. Aðalhlutverk: Angie Dickinson, Dennis Weaver og Robert Wagner. Leikstjóri: Hy Averback.
15.25 **Undur alheimsins.** Nova. Í tuttugu ár hefur Robert Mark, prófessor í verkfræði og arkitektúr við Princetonháskólann, rannsakað forna minnisvarða allt frá rómversku hofunum til gotnesku dómkirknanna. Í þættinumn fer Robert með áhorfendur víðs vegar um heiminn og skoðar fræg mannvirki frá fyrri tímum.
16.25 **A la carte.** Endursýndur þáttur þar sem við fylgjumst með hvernig matbúa má pasta með reyktum laxi í jógúrtsósu sem forrétt og ofnbakaðan saltfisk lasagne sem aðalrétt.
17.10 **Golf.** Sýnt verður frá glæsilegum erlendum stórmótum.
18.10 **NBA körfuboltinn.** Einir bestu íþróttamenn heims fara á kostum.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.30 **Land og fólk.** Eins og nafn þessa þáttar ber með sér erum við og landið okkar þungamiðja ferðalaga Ómars Ragnarssonar víða um landið. Hann spjallar við fólk, kannar staðhætti og nýtur náttúrufegurðarinnar með áhorfendum.
21.20 **Geimálfurinn.** Alf. Það fær enginn staðist þennan loðna prakkara.
21.45 **Áfangar.** Sérlega fallegir þættir þar sem brugðið er upp svipmyndum af ýmsum stöðum á landinu, merkir fyrir náttúrufegurð eða sögu.
21.55 **Nánar auglýst síðar.**
22.45 **Alfred Hitchcock.** Stuttir sakamálaþættir sem gerðir eru í anda þessa meistara hrollvekjunnar.
23.10 **Í sporum Flints.** In Like Flint. Spennumynd í gamansömum dúr. Nokkrar konur, sem stunda fegrunaraðgerðir, fá þá hugmynd að ná heimsyfirráðum með því að breyta fólki í lifandi eftirmyndir helstu valdhafa heims. Aðalhlutverk: James Coburn, Lee J. Cobb og Jean Hall. Alls ekki við hæfi barna.
1.00 **Dagskrárlok.**

Rás I FM 92,4/93,5

7.45 **Útvarp Reykjavík,** góðan dag.
7.50 **Morgunandakt.** Séra Sváfnir Sveinbjarnarson, prófastur á Breiðabólsstað, flytur ritningarorð og bæn.
8.00 **Fréttir.**
8.15 **Veðurfregnir.** Dagskrá.
8.30 **Á sunnudagsmorgni.** Með Sigmundi Guðbjarnasyni háskólarektor. Bernharður Guðmundsson ræðir við hann um guðspjall dagsins, Jóh. 20, 29–31.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni** – Buxtehude, Telemann, Händel og Bach.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Skrafað um meistara Þórberg.** Þættir í tilefni af aldarafmæli hans á þessu ári. Umsjón: Árni Sigurjónsson.
11.00 **Messa í Fíladelfíukirkjunni í Reykjavík.** Einar J. Gíslason prédikar.
12.10 **Dagskrá.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.30 **„Undir Jökli".** Snæfellsjökull í bókmenntum. Síðari þáttur. Umsjón: Haraldur Ingi Haraldsson.
14.30 **Með sunnudagskaffinu.** Sígild tónlist af léttara taginu. Franz von Suppé, Johann Strauss og Eduard Künneke.
15.10 **Spjall á vordegi.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – „Ofviðrið" eftir William Shakespeare. Í endursögn Charles og Mary Lamb. Kári Halldór Þórsson flytur þýðingu Láru Pétursdóttur.
17.00 **Barselóna-tríóið leikur verk eftir Beethoven,** Brahms og Salvador Brotons. - Tríó í c-moll op. 1 nr. 3 eftir Ludwig van Beethoven. - Tríó í c-moll eftir Johannes Brahms. - Tríó eftir Salvador Brotons.
18.00 **„Eins og gerst hafi í gær".** Ragnheiðar Davíðsdóttur ræðir við Jóhannes Proppé. (Einnig útvarpað morguninn eftir kl. 10.30.) Tónlist. Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Leikandi létt.** Ólafur Gaukur rabbar um þekkt tónlistarfólk og spilar plötur.
20.00 **Sunnudagsstund barnanna.** Umsjón: Kristjana Bergsdóttir. (Frá Egilsstöðum)
20.30 **Íslensk tónlist.** - „Bjarkamál" eftir Jón Nordal. Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur; Jean-Pierre Jacquillat stjórnar. - „Díafónía" fyrir hljómsveit eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur; Páll P. Pálsson stjórnar.
21.10 **Ekki er allt sem sýnist** – þættir um náttúruna. 3. þáttur: Auðlindin. Umsjón: Bjarni Guðleifsson. (Frá Akureyri)
21.30 **Útvarpssagan:** „Heiðaharmur" eftir Gunnar Gunnarsson. Andrés Björnsson les (10.)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Harmóníkuþáttur.** Umsjón: Högni Jónsson.
23.00 **Rakarinn Fígaró og höfundur hans.** Um franska rithöfundinn og ævintýramanninn Beaumarchais og leikrit hans „Rakarinn frá Sevilla" og „Brúðkaup Fígarós". Fyrri hluti. Umsjón: Hrafnhildur Jónsdóttir. (Áður útvarpað í maí 1984.)
23.40 **Kvintett í D-dúr fyrir gítar og strengjakvartett eftir Luigi Boccherini.** Alexandre Lagoya leikur á gítar með Oxford strengjakvartettinum.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Ómur að utan** – Dylan Thomas les úr eigin verkum. Umsjón: Signý Pálsdóttir.
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.



RÁS 2 FM 90,1

03.05 **Vökulögin.**
9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikir og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
11.00 **Úrval vikunnar.** Úrval úr dægurmálaútvarpi vikunnar á rás 2.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Spilakassinn.** Pétur Grétarsson spjallar við hlustendur sem freista gæfunnar í Spilakassa rásar 2.
15.00 **Vinsældalisti Rásar 2.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir kynnir tíu vinsælustu lögin. (Endurtekinn frá föstudagskvöldi.)
16.05 **Fred kerström á sína vísu.** Fjórði og síðasti þáttur Jakobs S. Jónssonar um sænska vísnasmiði. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenkum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Með Guðrúnu Frímannsdóttur og norðlenskum unglingum. (Frá Akureyri)
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
01.10 **Vökulögin.** Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

Stjarnan FM 102,2 & 104

10.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Þessi fjallhressa útvarpskona fer á kostum hér á Stjörnunni. Margrét fer rólega af stað en kemur okkur síðan smátt og smátt í gang.
14.00 **Í hjarta borgarinnar.** Þetta er þáttur sem öll fjölskyldan hlustar á. Jörundur Guðmundsson stýrir þessum bráðskemmtilegu þáttum sem eru í beinni útsendingu frá Hótel Borg. Þar koma fram leikararnir Guðmundur og Magnús Ólafssynir, kallaðir MÓL og GÓL. Einnig mæta í þáttinn fulltrúar frá tveimur fyrirtækjum sem keppa í léttum og spennandi spurningaleikjum og síðast en ekki síst spjallar Jörundur svo við tvo kunna gesti í hverjum þætti. Skemmtiþáttur sem enginn má missa af!
16.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Magga tekur upp þráðinn þar sem frá var horfið og heldur uppi góðri stemmningu, hvar annars staðar en hér á Stjörnunni.
18.00 **Stjarnan á rólegu nótunum.** Þægileg tónlist á meðan þjóðin nærir sig.
20.00 **Sigursteinn Másson.** Óskalagaþáttur unga fólksins. S. 681900.
24.00 **Næturstjörnur.** Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum.

FM 98.9 BYLGJAN

10.00 **Haraldur Gíslason.** Þægileg sunnudagstónlist.
16.00 **Ólafur Már Björnsson.** Góð sunnudagstónlist. Óskalagasíminn er 61 11 11.
21.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Þægileg tónlist á sunnudegi.
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Hljóðbylgjan

Reykjavík FM 95,7
Akureyri FM 101,8

9.00 **Haukur Guðjónsson,** hress og kátur á sunnudagsmorgni.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Pétur Guðjónsson** sér um að hafa góða skapið í lagi á sunnudegi.
16.00 **Hafdís Eygló Jónsdóttir** spilar og spjallar.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Íslenskir tónar.** Kjartan Pálmarsson leikur öll bestu íslensku lögin, lögin fyrir þig.
23.00 **Þráinn Brjánsson,** kveldúlfurinn mikli, spilar tónlist sem á vel við á kvöldi sem slíku.
1.00 **Dagskrárlok.**



Rót ÚTVARP FM 106,8

11.00 **Sígildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist.
12.00 **Jass & blús.**
13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ívarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
15.00 **Elds er þörf.** Vinstri sósíalistar. E.
16.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
17.00 **Á mannlegu nótunum.** Umsjón: Flokkur mannsins.
18.00 **Úr ritverkum Þórbergs Þórðarsonar.** Jón frá Pálmholti les.
18.30 **Mormónar.** E.
19.00 **Sunnudagur til sælu.** Umsjón: Gunnlaugur, Þór og Ingó.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur.
21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristjáns Freys.
22.30 **Nýi tíminn.** Umsjón: Bahá'í-samfélagið á Íslandi.
23.00 **Kvöldtónar.** Tónlist á rólegu nótunum.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt** Meðal efnis: Kl. 2.00 Poppmessa í G-dúr. E.



ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **FÁ.**
14.00 **MR.**
16.00 **MK.**
18.00 **FG.**
20.00 **Útvarpsráð Útrásar.**
22.00 **Neðanjarðargöngin, óháður vinsældalisti á FM 104,8.**
01.00 **Dagskrárlok.**

ALFA FM·102,9

14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins – endurtekið frá þriðjudegi.
15.00 **Alfa með erindi til þín:** Guð er hér og vill finna þig. Blessunarrík tónlist spiluð.
21.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins – endurtekið frá fimmtudegi.
22.00 **Alfa með erindi til þín.** Frh.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Miðvikudagur

Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Í miðri viku.** Fréttir af íþróttafélögunum o.fl.
19.30–22.00 **Útvarpsklúbbur Öldutúnsskóla.**
22.00–24.00 **Útvarpsklúbbur Flensborgarskóla.**



Úr kvikmyndinni um Heimkomu Lassíar, hundsins sem heillaði milljónir manna sem leik sínum.

### Sjónvarp kl. 22.05:

## Elizabeth Taylor

Í þessari bandarísku heimildarmynd er brugðið upp svipmyndum af ferli Elísabetar Taylor sem er ein af skærustu og umtöluðustu kvenstjörnum kvikmyndanna á seinni tímum.

Fjallað er um feril hennar innan kvikmyndanna og einnig verða ástamál hennar nokkuð í sviðsljósinu enda hafa þau oft á tíðum verið meginefni slúðurdálka blaða og tímarita um heim allan. Samstarfsmenn hennar og vinir segja sitt álit á stjörnunni og reynt verður að skyggnast bak við glitrandi framhlið þessarar holdi klæddu goðsagnar hvíta tjaldsins.

Sýnd verða brot úr nokkrum frægustu myndum Taylor og nægir að nefna: Heimkoma Lassie, Litlar konur, Köttur á heitu þaki og síðast en ekki síst Kleopatra. -Pá

### Útvarp Rót kl. 13.00:

## Prógramm Sigga í Gramminu

Sigurður Ívarsson eða Siggi í Gramminu eins og hann er þekktur meðal kunningja sér um þennan þátt. Langi Seli og Skuggarnir koma í heimsókn í þáttinn og ræða við umsjónarmann um nýútkomna plötu sveitarinnar.

Auk þess verður litið á nokkra nýgræðinga í fjölbreyttum grasagarði rokktónlistarinnar. -Pá



Sigurður Ívarsson, umsjónarmaður þáttarins Prógramm.

### Rás 1 kl. 00.10:

## Ómur að utan

### Dylan Thomas les úr eigin verkum

Velska skáldið Dylan Thomas, sem fæddist 1914 og lést 1953, hóf að semja ljóð þegar á æskuárum og gaf út fyrstu ljóðabókina árið 1934 en það ár fluttist hann til London.

Hann varð vinsæll útvarpsmaður í BBC á stríðsárunum og útgáfur á sögum hans og ljóðum juku hylli hans. Hann varð dáður upplesari eigin verka og fór í langar fyrirlestraferðir um Bandaríkin þar sem hróður hans fór vaxandi bæði fyrir áhrifaríkan lestur og bóhemíska lifnaðarhætti.

Dylan Thomas lést fyrir aldur fram úr áfengiseitrun. Í þættinum Ómi að utan hlýðum við á upptökur af lestri skáldsins á nokkrum smásögunum, Quite Early One Morning, A Visit to Grand Pa, Reminiscenses, Childhood og Holiday Memory. -Pá

### Sjónvarp kl. 18.00:

## Dýrin í Hálsaskógi

Um þessar mundir sýnir Leikfélag Hveragerðis barnaleikritið sívinsæla um Dýrin í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner. Í Stundinni okkar verða sýnd þrjú atriði úr uppfærslu Hvergerðinganna. Fyrst er það söngur Bangsamömmu, þá söngurinn um piparkökurnar þegar Hérastubbur bakari tekur bakaradrenginn í kennslustund í því hvernig piparkökur bakast.

Síðast en ekki síst er svo atriðið með Lilla klifurmús og Mikka ref þar sem Lilli snýr glæsilega á refinn og kemst undan með klókindum.



Lilli klifurmús snýr á Mikka ref.

Meðal annars efnis í Stundinni verður söngkonan Diddú sem syngur fyrir krakkana á barnaheimilinu Hlíð í Mosfellssveit. Litið verður inn í Náttúrugripasafnið og kíkt á nokkur skordýr. Það er Gáfnaljósið, Asninn og Lilli sem sjá um allar kynningar að vanda. -Pá